

Nýr sjúklinga-
skattur ríkis-
stjórnarinnar

Geðhjálp mótmælir

„Fyrir hönd fólks með geðræn vandamál mótmælir félagið Geðhjálp harðlega þeirri hugmynd að hækka göngudeildargjald úr kr. 100 í kr. 300“, segir í frétt frá Geðhjálp sem Þjóðviljanum hefur borist.

„Við viljum benda á að margir þeirra sem þurfa á göngudeildarþjónustu að halda, t.d. vegna geðrænna vandamála, þurfa að sækja slíka þjónustu reglulega um lengri tíma. Jafnframt er algengt að á sama tíma séu viðkomandi óvinnufærir“.

Þá segir í frétt Geðhjálpar að reynslan sé sú að 100 krónu gjaldið sé þungur baggi á mörgum og því telji félagið þessa hækkun nú algerlega óviðunandi.

—óg